

Fimmtudaginn 22. febrúar 1990.

Nr. 64/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar sl., sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Mál þetta er á frumstigi. Eftir er að yfirheyra vitni, en samkvæmt eðli þeirrar yfirheyrslu hlýtur hún að taka nokkurn tíma. Staðfesta ber því niðurstöðu hins kærða úrskurðar með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1990.

Ár 1990, laugardaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, til lögheimilis að Norðurgötu 12 B, Siglufirði, nú með dvalarstað að Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl 1990 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 203. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53,1966.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Síðdegis fimmtudaginn 16. febrúar sl. var hringt til lögreglunnar í Reykjavík og tilkynnt, að skömmu áður hefði sést til kærða, þar sem hann

var að fara með litlum dreng inn í hús [...]. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang og hittu að máli tilkynnandann, A. Með henni var drengurinn X, fæddur 1983. A skýrði lögreglumönnum frá því, að hún hefði farið inn á heimili kærða og séð X buxnalausan, með nærbuxur dregnar niður á læri. Klæddi hún drenginn í buxurnar og fór með hann út. Lögreglumennirnir handtóku því næst kærða og færðu í fangageymslu. Hann var allsgáður.

Við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi hefur kærði staðfastlega neitað að hafa leitað á drenginn X kynferðislega og borið, að sér hafi gengið það eitt til að vera vingjarnlegur við drenginn, sem virtist einmana og var kaldur og blautur. Því hafi kærði borið drengnum inn til sín og ætlað að gefa honum kókómjólk. Er þeir voru komnir inn í herbergi kærða og X hafði klætt sig úr úlpu og lambhúshettu, kvaðst kærði hafa veitt því athygli, að botninn á buxum X var blautur. Kærði spurði því drenginn, hvort hann vildi ekki, að kærði þurrkaði buxurnar. Hafi drengurinn viljað það og kærði síðan aðstoðað hann við að klæða sig úr buxunum. X hafi síðan setið á sófa í herberginu með handklæði á hnjám sér, er dyrabjöllunni var hringt. Fór kærði þá niður í stiga, þar sem hann hitti ókunnuga konu, A, sem spurði, hvort hann væri með lítinn dreng inni hjá sér. Kærði kveðst hafa svarað játandi og snúið til baka til að láta X vita, enda áleit kærði, að A væri móðir drengsins. Er kærði og A komu inn í herbergið, hefði drengurinn setið rólegur í sófanum. A hefði síðan klætt drenginn í fötin og farið með hann út.

Kærða var á dómþingi kynnt, að A hefði borið við skýrslugjöf hjá RLR, að X hefði kropsið í sófanum með hendur á sófabakinu, er hún kom inn í herbergið, og hefði hann verið með nærbuxurnar dregnar niður fyrir rassinn. Kærði mótmælti þessum framburði og kvað hann vera rakin ósannindi.

Við yfirheyrslur hefur komið fram, að kærði kynntist X fyrir nokkrum vikum, og var drengurinn búinn að heimsækja kærða nokkrum sinnum áður. Virðist sem drengurinn hafi haldið þessu leyndu fyrir foreldrum sínum. Að sögn móður X er hann afar miður sín eftir atburði fimmtudagsins og hefur ekki viljað tjá sig neitt um málið. Óskaði hún eftir því við RLR, að ekki yrði rætt við drenginn að sinni. Er nú fyrirhugað að fá sálfræðing til að ræða við X fljótlega. Í ljósi þessa og þar sem verulegt ósamræmi er milli framburðar kærða og A, þykir nauðsynlegt, að kærði verði hafður í varðhaldi, en ella er hætt við því, að hann nái að spilla rannsókn málsins, sem enn er á frumstigi, með því að hafa áhrif á drenginn og önnur vitni.

Leiði rannsókn RLR í ljós, að kærði hafi leitað á X kynferðislega í einhver þau skipti, sem hann heimsótti kærða, má gera ráð fyrir, að kærði

verði sóttur til saka fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga og ákvæðum barnaverndarlaga. Hefur kærði nú þegar hlotið marga dóma fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum piltum, og má telja víst, að hann sé vana-afbrotamaður í skilningi 72. gr. almennra hegningarlaga, sem ætla má, að muni halda áfram kynferðisafbrotum, ef hann er á annað borð tekinn til við þá fyrri iðju sína að lokka til sín drengi í kynferðislegu augnamiði. Það er því álit dómsins, að fyrirbyggja verði alla hættu á frekari kynferðis-afbrotum kærða og hafa hann í varðhaldi, meðan máli hans er ólokið.

Mikið hefur verið fjallað um sakaferil kærða í fjölmiðlum og myndir birtar af honum og núverandi heimili hans. Hefur því blossað upp að nýju meðal almennings mikil andúð og jafnvel hatur í garð kærða, en skemmst er að minnast þeirrar reiðiöldu, er gekk yfir þjóðina fyrir nokkrum árum, þegar svipuð mál á hendur kærða voru til meðferðar hjá dómstólum. Með dómi Hæstaréttar frá 24. febrúar 1988 var kærði síðan dæmdur í 9 mánaða fangelsisvist og að henni lokinni gert að sæta „viðeigandi hælisvist“ í 15 mánuði. Fjölmiðlar birtu ítarlegar fréttir af ofangreindum dómi, og fylgst var með því, hvenær kærði fór í umrædda hælisvistun, og einnig, hvenær hann útskrifaðist. Ef almenningur hefur einhvern tíma trúað, að kærði gæti náð einhverjum bata af þessum veikleika til ungra drengja, sem Hannes Pétursson geðlæknir segir í niðurstöðum geðheilbrigðisrannsóknar á kærða í janúar 1987, að sé sökum alvarlegra persónuleikatrufana, þá er sú tiltrú almennings nú að engu orðin, og ný alda óhugnaðar er risin. Þykir því nauðsynlegt að koma kærða í öruggt skjól, meðan reiði almennings er að dvína, og tryggja þannig, að kærði verði ekki fyrir árásum samborgara sinna.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og með vísan til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að verða við kröfu RLR um gæsluvarðhald á hendur kærða, og þykja ekki efni til að ákveða varðhaldinu skemmri tíma en krafist hefur verið.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Steingrímur Njálsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl nk. kl. 16.00.